

**86. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
19. september 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Kristjana H. Ólafsdóttir varamaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1809045 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**2. 1805160 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**3. 1808181 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**4. 1809079 - Sumar- og helgardvöl fatlaðra barna og ungmenna í Reykjadal**

Umsókn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem reka sumardvöl fyrir fatlaða í Reykjadal, um styrk til rekstur sumardvalarinnar. Miðað er við að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði til jafns við einstaklinga frá viðkomandi svæði.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir framlag vegna sumardvalar.*

**5. 1809147 - Fyrirmyndardagurinn 2018**

Vinumálastofnun stendur fyrir Fyrirmyndardeginum sem haldinn veður 5. október nk. í fimmta sinn. Vinnumálastofnun á Vesturlandi vinnur að Fyrirmyndardeginum á Akranesi í samvinnu við Fjöliðjuna vinnu- og hæfingarstað, Starfsendurhæfingu Vesturlands og Hver. Markmið dagsins er að atvinnuleitendur með skerta starfsgetu fái að vera gestastarfsmenn í boði fyrirtækja og stofnana í einn dag eða hluta úr degi. Þennan dag hafa atvinnuleitendur með skerta starfsgetur fengið tækifæri til að kynna sér ýmiskonar störf og starfsvettvang. Um leið hafa forsvarsmenn fyrirtækja fengið tækifæri til að kynnast styrkleikum þeirra einstaklinga sem fá að vera gestastarfsmenn í viðkomandi fyrirtæki. Fyrirmyndardagurinn er mikilvægur liður í því að auka möguleika fólks með skerta starfsgetu á fjölbreyttri atvinnuþátttöku.

*Velferðar- og mannréttindaráð hvetur fyrirtæki og stofnanir til að taka þátt í deginum með því að leita til Vinnumálastofnunar og samstarfsaðila og leggja sitt af mörkum til að stuðla að fjölbreyttara samfélagi og atvinnuþátttöku flestra.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:45.**

*Gerður Joh. Jóhannsdóttir*  
Ragnar B. Sæmundsson  
Kristjana H. Ólafsdóttir

*Hrefna Rún Ákadóttir*  
*Sveinborg Kristjánsdóttir*  
20